Meira súslað á skólasafni

Meira súslað á skólasafni

ISBN: 978-9979-0-1992-3
© Ástríður Einarsdóttir
© teikningar Karl Jóhann Jónsson
Yfirlestur og ráðgjöf: Dagný Elfa Birnisdóttir, skólasafnskennari
Ritstjóri: Guðríður Skagfjörð Sigurðardóttir

Umbrot og hönnun: Námsgagnastofnun

Öll réttindi áskilin
1. útgáfa 2015
Námsgagnastofnun
Kópavogi

Meira súslað á skólasafni

– Nei, nei, ekki gera það! hrópaði Hjörleifur með skelfingu í röddinni og hárin risu á litla músarkroppnum. Ekki opna dyrnar, þú munt sjá eftir því! Hann hnipraði sig saman, klemmdi aftur augun, tók fyrir eyrun og beið þess sem verða vildi. Beið og beið.

Skömmustulegur opnaði hann loks augun skellti aftur bókinni með háværum smelli og leit í kringum sig. Sem betur fer var enginn annar á skólasafninu og því lítil hætta á að heyrst hefði til hans hrópa. Hrópa á bók!

Hjörleifur var nefnilega niðursokkinn í hörkuspennandi glæpasögu. Hann lifði sig svo inn í söguna að þegar aðalpersónan var að því komin að læðast inn um bakdyrnar á myrku niðurníddu húsi, dyr sem Hjörleifur vissi að illmennið í sögunni hafði rétt áður laumað sér inn um, þá gat Hjörleifur ekki á sér setið lengur. Hann hrópaði svo hátt að meira að segja upphrópunarmerkin á blaðsíðunni hrukku við.

Vissulega var gott til þess að vita að enginn hafði heyrt til hans en Hjörleifur varð þó að viðurkenna að honum fannst orðið frekar einmanalegt á skólasafninu eftir langt sumarfrí. Edda kvaddi hann í byrjun sumars með þeim orðum að hún yrði komin aftur áður en færi að hausta en Hjörleifi fannst hálfpartinn búið að vera haustlegt síðan hún fór. Edda er safnkennari á skólasafninu og þau kynntust um vorið þegar Hjörleifur tók þá ævintýralegu ákvörðun að flytja úr sveitinni og gerast húsamús. Hann settist að á safninu og þau Edda urðu perluvinir.

Kosturinn við að vera einn á safninu var sá að Hjörleifur gat ótruflaður sökkt sér ofan í hverja bókina á fætur annarri og það tækifæri nýtti hann sér óspart. Til að byrja með valdi hann nýtt efni á hverjum degi. Hann kom sér haganlega

fyrir á svæðinu þar sem íþróttabækurnar voru og las þar hverja bókina á fætur annarri, svo færði hann sig yfir í hillurnar þar sem vísindabækurnar voru. Þar dvaldi hann í nokkra daga og drakk í sig fróðleik. Dýrabækurnar vöktu sérstakan áhuga hans um mitt sumar. Svo mikinn að hann dröslaði með sér mjúkri músarmottu upp í hilluna með dýrabókunum til að láta fara vel um sig og hélt þar til í nokkra daga áður en hann svo flutti sig yfir í Íslandssögubækurnar.

Það var hins vegar ekki fyrr en hann var kominn í skáldritin að Hjörleifur gleymdi sér algjörlega. Glæpasögur og leynilögreglusögur voru í sérstöku uppáhaldi en vandinn var sá að þær voru svo ótrúlega spennandi. Hjörleifur varð svo stressaður og jafnvel hálfsmeykur (þótt hann myndi aldrei viðurkenna það) við að lesa þær. Þá hefði komið sér vel að hafa sönglandi vinkonu sína með stóru eyrnalokkana og gleraugun fram á nefið að bardúsa eitthvað í bókahillunum.

Hjörleifur stóð upp og strauk skottið. Hann gerði nokkrar teygjuæfingar. Hann hafði lesið í íþróttabók einn eftirmiðdag í júní að nauðsynlegt væri að gera hlé frá kyrrsetuvinnu annað slagið og gera teygjuæfingar. Lestur spennubóka hlýtur að teljast kyrrsetuvinna. Alla vega voru axlirnar stífar og Hjörleifur ákvað að rölta aðeins um. Hann var farinn að þekkja safnið eins og buxnavasann sinn. Hann vissi orðið nánast hvar allar bækur, blöð og tímarit var að finna og ef minnið sveik hann, var svo þægilegt að leita eftir flokkunarkerfinu og stafrófinu.

Hann hafði loksins náð að læra stafrófið eftir að Edda kenndi honum stafrófsvísurnar. Hann söng þær svo sem aldrei upphátt en stundum greip hann til þess að raula þær með sjálfum sér til að átta sig á hvar hann gæti fundið bókina sem hann leitaði að. Tölvunum hætti hann sér enn ekki nálægt. Þær voru bæði flóknar og furðulegar.

Hjörleifur hraðaði sér því fram hjá tölvukróknum og stökk upp í gluggakistu vongóður um að trjágreinarnar sem slógust í rúðuna hefðu skyndilega skipt yfir í hausttískuna.

Ekki hafði björkin á skólalóðinni séð ástæðu til þess að verða við þeirri ósk. Laufin voru jafnvel grænni en síðast þegar hann leit út. Þrátt fyrir það léttist brúnin á Hjörleifi þegar augun þokuðust af greininni yfir á gangstíginn þar sem léttstíg kona tiplaði í áttina að skólahúsinu.

Kunnuglegu brosi brá af og til fyrir á andliti hennar en þess á milli virtist hún vera í hrókasamræðum og það ekki við sjálfa sig eins og oftast. Viðmælandinn gekk við hlið hennar en Hjörleifur þurfti að horfa næstum til himins til að sjá framan í hann. Þetta var ungur strákur, eða kannski maður, það var ekki gott að segja. Að minnsta kosti var hann lengri en nokkur sem Hjörleifur hafði áður séð. Hann var svo langur að buxurnar náðu ekki nema upp á miðjan rass á honum. Hárið var frekar sítt og hékk fyrir augum hans og hann gekk svo löngum skrefum að Edda þurfti að hlaupa við fót til að hafa við honum.

Þetta stefndi nú ekki beinlínis í endurfundina sem Hjörleifur hafði séð fyrir sér. Engu að síður var hann sæll með að Edda væri komin aftur. Þennan slána sem hún virtist ætla að draga

með sér inn á safnið ætti að vera hægt að hræða burtu með smá músarleikni, þá gætu þau Edda rætt í næði um allar bækurnar sem hann hafði lesið í sumar.

Hjörleifur stökk ofan úr gluggakistunni, trítlaði yfir gólfið og stillti sér upp á afturfæturna með krosslagða framfætur. Dyrnar opnuðust og Edda gekk inn og rakleiðis fram hjá honum án þess svo mikið sem að taka eftir honum. Í kjölfarið fylgdi sá langi, sem hefði kannski ekki verið svo slæmt ef honum hefði ekki fylgt skór, nógu stór fyrir músafjölskyldu að búa í og skórinn stefndi beint á Hjörleif.

Rétt í því sem skórinn var við það að fletja Hjörleif út í músarflatköku skrækti hann og stökk í skjól bak við Eddu. Sá langi skrækti enn hærra og stökk í skjól bak við blaðarekkann.

– Það … það … það … var mús! var stamað inni á milli tímaritana.

– Æi, Skúli minn, fyrirgefðu, ég var víst ekki búin að segja þér frá honum Hjörleifi sem er safnmús hérna hjá okkur. Edda gat ekki annað en flissað. Þú þarft ekkert að hafa áhyggjur af honum, hann er yfirleitt frekar spakur, bætti hún við og blikkaði öðru auganu í átt að Hjörleifi.

Hjörleifur leit rannsakandi á þann langa, sem hét greinilega Skúli. Skúli pírði augun á móti og rétti úr sér.

– Skúli er stuðningsfulltrúi hér í skólanum og ætlar að aðstoða okkur á safninu eftir hádegi í vetur. Það verður gott að hafa fleiri hendur til að leggja lið hér á safninu. Við erum að bæta við mörgum nýjum bókum og svo ætlum við að endurnýja tölvukostinn og kaupa inn nokkrar spjaldtölvur. Skúli er svo laginn við allt þetta tæknilega, bætti Edda við.

Ég geri mér nú alveg grein fyrir því að ég er ekki með hendur, hugsaði Hjörleifur, en mér fannst þetta nú bara ganga ágætlega hjá okkur tveimur. Meðan hann dæsti og strauk önugur veiðihárin hóf Edda að sýna Skúla safnið. Hjörleifur rölti á eftir.

– Hér höfum við fræðibækurnar, sagði Edda. Við höfum alveg ágætis úrval af dýrabókum og þær eru alltaf vinsælar. Vísindabækurnar eru hér, ég er búin að panta fleiri slíkar og vonandi koma þær í vikunni. Nemendur á miðstigi nota náttúru- og vísindabækurnar mikið í heimildavinnu. Svo erum við með myndlistabækur … Nei, hvað er að sjá þetta? Hjörleifur hrökk upp úr hugsunum sínum þegar Edda beygði sig eftir þremur bókum sem lágu á gólfinu. Hjörleifur minn, hefur þú ekki gengið vel um á safninu í sumar? Það er nú ekki þér líkt að skilja eftir bækur út um víðan völl.

Hjörleifur maldaði í móinn.

– Ég hef ekkert verið í fræðibókunum undanfarið. Ég týndi mér alveg í glæpasögunum síðustu vikurnar. Þetta getur ekki verið eftir mig.

En Edda mátti ekkert vera að því að hlusta á hann, hún hafði lagt bækurnar frá sér á borð og hélt malandi áfram yfir í skáldsögurnar með Skúla á hælunum.

Hjörleifur varð eftir. Hann velti bókunum þremur annars hugar fyrir sér og reyndi að rifja upp hvenær hann hefði notað þær. Hann var kannski ekki sá allra snyrtilegasti en eitt af því fyrsta sem Edda hafði kennt honum var að ganga vel um bækur og það hafði hann passað vel upp á.

– *Fuglarnir okkar*, las Hjörleifur á kjölinn á fyrstu bókinni. Þessa man ég nú ekki einu sinni eftir að hafa lesið! Hann las á þá næstu. *Dýralíf Íslands*. Og þá þriðju. *Villt dýr í náttúrunni*. Það var alveg ljóst að þessar bækur voru ekki

á gólfinu eftir Hjörleif því hann hafði hreinlega ekki lesið neina þeirra. Nú runnu á hann tvær grímur. Las hann í svefni? Eða, það sem verra var: Var mögulegt að einhver hefði verið inni á safninu án þess að hann yrði þess var?

Edda og Skúli voru nú komin í tölvukrókinn og Edda var ekki búin með leiðsögnina.

– Tölvukrókurinn okkar er vel nýttur og nemendurnir eru orðnir lagnir við að leita heimilda á netinu. Það verður spennandi að fá inn spjaldtölvur. Við ætlum líka að nota þær til að leyfa nemendum að búa til sitt eigið efni, bækur og fræðslumyndbönd.

Veifandi músartrítill uppi á einu lyklaborðinu átti engan möguleika á að ná athyglinni þegar Edda var komin á kaf í þetta umræðuefni.

– Já, en Edda, það var ekki ég sem skildi bækurnar eftir á gólfinu.

– Hafðu engar áhyggjur af þessu, Hjörleifur minn. Ég geng frá þeim á eftir. Edda klappaði ergilegum Hjörleifi á kollinn.

Þau héldu ferðinni áfram yfir í skáldritin og Hjörleifur gleymdi sér fljótt við að hlusta á vinkonu sína segja frá vinsælustu titlunum í þeim hluta safnsins.

Morguninn eftir gafst Hjörleifi og Eddu loks góður tími til að spjalla. Þau voru búin að bera saman bækur sínar um lesefni sumarsins og voru niðursokkin

í vangaveltur um flokkunarkerfi Deweys þegar dyrnar opnuðust.

– Ertu að segja að flest bókasöfn á Íslandi og út um allan heim líka, flokki bækur sínar eftir kerfi sem var fundið upp fyrir um 140 árum?

– Já, hann Dewey, hann var klókur og kerfið sem hann bjó til stendur enn fyrir sínu. Edda kinkaði kolli til Skúla sem kom röltandi inn á safnið. Hjörleifur lét sér fátt um finnast.

– Já, nú skil ég þetta með númerin á

fræðibókunum. Hann ætlaði ekki að láta Skúla trufla þetta notalega spjall. Hvert efni á sitt númer, er það ekki? Allar tæknibækur eru í flokki 600 og hafa því númer sem byrjar á 6, allar landafræðibækur eru í flokki 900 og hafa því númer sem byrjar á 9. Skúli seig niður í stól, krosslagði hendurnar og teygði fram fæturnar þangað til þær náðu næstum út að dyrum. Hjörleifur hélt áfram. Hver er aftur fyrsta talan í númerunum á dýrabókunum? Hjörleifur hafði ekki fyrr sleppt orðinu þegar hann mundi eftir svolitlu.

– Edda, manstu eftir fræðibókunum sem voru á gólfinu í gær? Þetta er eitthvað skrýtið. Ég var ekki að nota þær. Þetta var ekki eftir mig.

– Svona, svona kúturinn minn, þú hefur bara misst þær án þess að taka eftir því, þetta getur komið fyrir bestu nagdýr.

– Það má þá kannski segja að þú hafir misst vitið! sagði Skúli og kímdi. Hjörleifur gat ekki annað en brosað líka. Hann var þá kannski fyndinn eftir allt saman.

Edda stóð upp og taldi tímabært að fara að taka til höndum.

– Hvað segið þið strákar, um að fara yfir skáldsögurnar? Sjá til þess að þeim sé raðað í rétta röð og hvort þurfi að laga einhverjar bækur. Ég sá að spjaldtölvurnar eru komnar í hús svo ég ætla að fara að huga að því að koma þeim í gagnið.

Þeir röltu samferða af stað en skrefin urðu heldur fleiri fyrir Hjörleif. Þeir stönsuðu hins vegar nákvæmlega á sama stað og störðu jafn undrandi á sama punktinn. Það fór hrollur um Hjörleif. Á gólfinu hjá skáldritunum lágu þrjár bækur. Hann þokaði sér nær og skoðaði titlana. *Harry Potter*, *Myrkfælna uglan* og *Bangsímon*. Hann var vissulega búinn að lesa tvær þeirra en ekki alveg nýlega. Enda hafði hann ekki litið í bók síðan Edda og Skúli fóru þarna um daginn áður. Þetta væri ekki hægt að kenna honum um. Strákarnir litu hvor á annan og spurðu sömu spurningar á nákvæmlega sama tíma.

– Varst þú að nota þessar bækur?

– Ég er búinn að vera að reyna að segja Eddu þetta, bætti Hjörleifur við. Það er eitthvað undarlegt á seyði hér. Edda má ekkert vera að því að hlusta á mig. Þú verður að hjálpa mér finna þetta út.

– Ég hef nú ekki mikla reynslu sem rannsóknarlögga, sagði Skúli hugsandi. En ég hef gaman af leynilögreglusögum og glæpamyndum. Við gerum okkar besta.

Hjörleifur sem var búinn að liggja yfir glæpasögum undanfarið lagði til að þeir byrjuðu á því að safna vísbendingum.

Þeir litu í kringum sig en allt virtist eins og það var vant að vera.

– Það þýðir ekkert að svipast um bara svona í fljótheitum. Við verðum að hafa alvöru spæjaragræjur og skoða hvert smáatriði. Í öllum leynilögreglubókum eru aðalpersónurnar með spæjarahatt og stækkunargler, sagði Hjörleifur.

Skúla þótti nú ólíklegt að þannig væri það alltaf í raunveruleikanum. Hann dró þó krumpaða derhúfu upp úr rassvasanum og skellti á höfuðið. Hjörleifur gramsaði í holunni sinni og sneri aftur með valhnetuskel á hausnum.

– Nú vantar bara stækkunargler. Ég held ég hafi séð svoleiðis í skrifborðsskúffunni hennar Eddu en við skulum ekkert vera að láta hana vita hvað við erum að gera. Hún gæti verið ein hinna grunuðu. Í glæpasögum eru illmennin oft þeir sem maður grunar síst.

Skúli rölti að skrifborðinu vantrúaður á að Edda væri glæpamaður í dulargervi. Hann sótti samt stækkunarglerið án þess að hún yrði þess vör.

Vel útbúið, lagði svo hið nýstofnaða spæjarateymi af stað í nákvæmari vísbendingaöflun.

Edda brosti í kampinn þegar hún horfði á eftir þeim tveim skríðandi með stækkunargler leitandi undir hillum og bak við sófa.

– Það er naumast að það á að fara vel yfir bókakostinn!

Löngu síðar settust þeir vonsviknir í leskrókinn.

– Fannst þú eitthvað, Skúli?

– Nei en þú? Hjörleifur hristi höfuðið vonsvikinn. Allt sem ég fann var ein einasta vesæl fjöður undir sófa. Skúli lyfti annarri augabrúninni letilega.

– Gæti það ekki verið eitthvað?

Hjörleifur spratt af stað með stækkunarglerið og Skúli á eftir. Rétt áður en þeir náðu áfangastað var Skúli búinn að kippa Hjörleifi upp á skottinu, hélt honum á lofti í augnhæð og horfði á hann alvarlegur í bragði.

– Í fyrsta lagi þá getur þú ekki bara vaðið svona inn á vettvang glæpsins. Það þarf að ganga varlega um til að spilla ekki sönnunargögnum. Hver veit nema hér finnist fótspor eða fingraför við nánari leit. Í öðru lagi skal ég sýna þér hvernig verkfæri nútíma rannsóknarlögreglumenn nota.

Skúli dró snjallsímann sinn upp úr rassvasanum og myndaði fjöðrina í bak og fyrir. Hann strauk símanum til hægri og vinstri, upp og niður og smellti á hnappa meðan síminn gaf frá sér alls kyns einkennileg hljóð áður en hann hvarf aftur ofan í rassvasann.

– Þá er bara að bíða, sagði Skúli. Ég er nýbúinn að hlaða niður frábæru smáforriti sem greinir fjaðrir og fótspor og fuglahljóð eftir tegundum. Loksins gefst tækifæri til að prófa það.

Hjörleifur var efins og gat ekki séð hvaða máli skipti hvaða fuglategund þetta væri eða hvernig það kæmi innbrotunum á safnið við.

– Heldurðu kannski að það sé einhver að brjótast hingað inn með koddann sinn til að leggja sig eða hvað? Skúli klóraði sér í hökunni.

– Nei, þetta er ekki þannig fjöður eins og notaðar eru inn í kodda. Þessi er of gróf til þess. Nei, við bíðum eftir niðurstöðunum. Ég hef á tilfinningunni að við séum komnir á sporið. En nú sé ég að Edda er farin að fylgjast með okkur, við verðum víst að vinna eitthvað líka.

Eftir svefnlitla nótt rannsóknarmúsar í miðju sakamáli vaknaði Hjörleifur næsta morgun við að Edda var í miklu uppnámi.

– Þetta var nú það síðasta sem ég þurfti á að halda svona rétt fyrir skólabyrjun! Þegar Hjörleifur hafði nuddað stírurnar úr augunum og strokið veiðihárin, blasti sama óreiðan við honum og Eddu skömmu fyrr.

Spjaldtölvur lágu á víð og dreif um borðið. Bækur um allt gólf og glugginn yfir skrifborði Eddu stóð opinn upp á gátt.

– Hvað er hér á seyði, spurði Skúli um leið og hann gekk treglega og hálfsofandi inn á safnið. Hann virtist ekki hafa sofið meira en Hjörleifur.

– Þetta er háalvarlegt mál, svaraði Edda skrækróma. Það hefur verið brotist hér inn í nótt. Einhver hefur rótað hér í hirslum og bókum virðist hafa verið stolið.

– Sá hefur aldeilis farið hljóðlega um, muldraði Hjörleifur. Ég var andvaka mestalla nóttina en varð ekki var við neitt.

– Ekki nóg með það, sagði Skúli, nú ögn betur vakandi. Hver brýst inn á skólasafn, rótar í fullt af nýjum spjaldtölvum og stelur svo bókum?

Edda mátti ekki vera að því að hlusta á strákana.

– Ég verð að tilkynna þetta til skólastjórans! Hún hafði ekki fyrr sleppt orðinu en hún var rokin út af safninu.

– Krísufundur í rannsóknarteyminu, sagði Skúli stundarhátt, sló höndum á lær sér um leið og hann stóð upp og fór að ganga rösklega um gólf. Þetta verður bara alvarlegra og alvarlegra og brátt kemst lögreglan í málið og þá fáum við ekki að koma nálægt því lengur. Það er ekki um annað að ræða, við þurfum að leysa málið áður en lögreglan kemur á vettvang. Ég fer yfir spjaldtölvurnar og leita að vísbendingum þar. Þú skoðar bækurnar á gólfinu og svo hittumst við aftur og berum saman bækur okkar.

Eftir talsverða eftirgrennslan hlammaði Skúli sér aftur í stólinn og slengdi löppunum upp á borð. Hjörleifur hlammaði sér á borðið og krosslagði afturfæturna uppi á strokleðri.

– Jæja, hvað ert þú með? Engin ummerki eða skemmdir eru sjáanlegar á spjaldtölvunum en það var kveikt á einni þeirra og í myndasafninu var athyglisverð mynd. Á myndinni sést skrifborðið okkar og bókastafli á því sem ekki er þar lengur en í einu horninu glittir í eitthvað sérkennilegt sem ég sé ekki betur en að sé kló á fugli. En þú, hvað fannst þú?

– Svo sem ekki mikið. Hjörleifur vafði skottinu utan um hendurnar á sér.

Hér er listi yfir bækurnar sem liggja á gólfinu. *Selurinn síkáti* eftir Láru Brynjarsdóttur, *Glæpir og gaman* eftir Malin Urestad, *Ævintýralandið* eftir Ara Gunnar Kristjánsson, *Keppnisferðalagið* eftir Mari Rukeland, *Ferðalag um himingeiminn* eftir Brian Ugler.

– Þetta eru allt skáldsögur en annars virðast þær ekkert eiga sameiginlegt sem liggur í augum uppi. Glæpasögur, ævintýri, dýrasögur, sumar eftir erlenda höfunda og aðrar eftir íslenska, sagði Hjörleifur.

Skúli tók af skarið.

– Nú skiptir öllu máli að vinna skipulega. Það er ekki mikið að hafa upp úr leit í spjaldtölvunum svo við skulum skoða þessar bækur nánar.

Eftir að hafa grandskoðað bækurnar í bak og fyrir, raðað þeim saman á fjölbreyttan máta og velt þeim fyrir sér á alla kanta voru þeir engu nær. Hjörleifur var þó íbygginn á svip og það virtist sem hugmynd væri að kvikna í litla músarkollinum.

– Ég er með eina hugmynd. Hún er kannski ekki mjög rökrétt en það sakar ekki að reyna. Prófaðu að raða bókunum í stafrófsröð.

Skúli var ekki svo sleipur í stafrófinu en klóraði sig þó gegnum verkefnið.

Ferðalag um himingeiminn
Glæpir og gaman
Keppnisferðalagið
Selurinn síkáti
Ævintýralandið

– Flott, samþykkti Hjörleifur. Skoðaðu svo kjölinn. Á kjalmiðanum eru þrír stafir í efri línu og þrír stafir í neðri línu. Stafirnir í neðri línunni tákna þrjá fyrstu stafina í titli bókarinnar. En það eru efri

stafirnir þrír sem ég er að velta aðeins fyrir mér. Þeir tákna þrjá fyrstu stafina í nafni höfundarins, fornafni ef höfundurinn er íslenskur en eftirnafni ef hann er erlendur. Skoðaðu þá aðeins betur. Þegar bækurnar eru í stafrófsröð mynda 3 fyrstu stafirnir í höfundarnöfnunum stafarunu:

UGL-URE-RUK-LÁR-ARI

Skúli skrifaði stafarununa samviskusamlega á miða.

– Hvað ætlarðu svo að gera við þetta?

– Þetta er bara eitthvert bull.

– Nei, sýndu þolinmæði, kæri Skúli. Hjörleifur stikaði í hringi kringum miðann. Við erum með eitthvað bitastætt hérna, ég veit það. Settu stafina saman í eina runu.

UGLURERUKLÁRARI

– Hvernig hjálpar það okkur? Þetta er alveg sama ruglið.

– Nei, ég veit, ég veit!!! Hjörleifur var farinn að hoppa og skoppa af ákefð í kringum miðann. Skrifaðu þetta aftur og nú skiptum við þessu í orð.

– Uglur eru klárari!! Sérðu þetta ekki

UGLUR ERU KLÁRARI! Það er verið að senda okkur einhver skilaboð. En hvað þýðir þetta eiginlega? Fyrsta alvöru uppgötvun okkar í málinu en við erum engu nær. Við skulum ekki láta þetta draga úr okkur máttinn. Við erum komnir í gang, kæri vinur. Hvað myndu alvöru rannsóknarlögreglumenn gera í stöðunni? Ég legg til að við förum yfir allar staðreyndir málsins og reynum að púsla þessu saman.

Félagarnir fengu sér sæti í sófanum í leskróknum og skerptu athyglina.

– Hvernig var með þessa nútíma rannsóknarlögreglugræju þína? Þessa sem átti að svara spurningunni um fjöðrina?

Skúli svipti upp símanum.

– Ég var alveg búinn að gleyma því. Hann fletti upp smáforritinu og horfði ringlaður á niðurstöðuna. Fuglinn sem fjöðrin tilheyrir er af tegundinni *Asio*

Flammeus. Andlitið á honum var á við eitt stórt spurningarmerki. Þetta hlýtur að vera einhver furðufugl. Ég hef allavega aldrei heyrt talað um hann og hann er örugglega ekki íslenskur. Við erum sennilega með mál í höndunum sem teygir sig út fyrir landsteinana. Líklega er hér um erlendan smyglhring að ræða.

– Nei, nú hefur þú horft á allt of margar bíómyndir. Hjörleifur var lagður af stað í átt að hillunni með dýrabókunum. Allar dýrategundir hafa latneskt heiti. Þau eru oft notuð í fræðiritum. Hann svipti þykkri bók úr einni hillunni og byrjaði að fletta. *Asio Flammeus*, öðru nafni brandugla.

Uglur koma enn við sögu.

Hjörleifur var orðinn ákafur.

– Manstu, Skúli, eftir bókunum sem við fundum á gólfinu fyrsta morguninn þinn? *Fuglarnir okkar*, *Dýralíf Íslands* og *Villt dýr í náttúrunni.* Þetta eru allt bækur um dýralíf. Þar á meðal fugla. Enn ein vísbendingin sem tengist fuglum.

Skúli gat ekki annað en samþykkt þetta en var þó ekki alveg sannfærður.

– Hvað þá með bækurnar sem við fundum daginn eftir. *Harry Potter*, *Myrkfælna uglan* og *Bangsímon*? Ein þeirra fjallar augljóslega um uglu en hinar eru um gráðugan skógarbjörn og göldróttan strák. Hvað eiga þessar bækur eiginlega sameiginlegt og hvernig tengjast þær málinu?

– Hvað eiga þær sameiginlegt? Heyrðist stundarhátt að baki þeim. Edda var komin til baka. Það er nú augljóst. Einn besti vinur Bangsímon er ugla. Harry Potter á gæludýr sem er ugla. Þær fjalla allar um uglur. Ef ekki sem aðalpersónur, þá sem aukapersónur. Annars skil ég ekki hvernig þið getið verið að kryfja bókmenntir þegar það er nýbúið að brjótast inn á safnið okkar. Ég hreinlega veit ekki hvað ég á að gera, strákar mínir. Ég næ ekki í skólastjórann svo það er ekki um annað að ræða en að hringja í lögregluna.

Það var heldur betur léttara yfir rannsóknarteyminu en Eddu vinkonu þeirra. Þeir slógu saman lófum og framfótum og hrópuðu í kór.

– MEIRA UM UGLUR. Ekki hringja í lögregluna strax. Við erum komnir á sporið. Hjörleifur setti Eddu inn í málið.

– Allar vísbendingarnar hafa eitthvað með uglur að gera. Allar bækurnar sem við höfum fundið í óreiðu á gólfinu, fjalla að einhverju leyti um uglur. Fjöðrin sem við fundum undir hillunni var af branduglu. Skilaboðin á kjalmiðunum voru um uglur.

– Já, já, ég er með eitt í viðbót, hrópaði Skúli upp yfir sig um leið og hann hljóp eftir spjaldtölvunni. Hann fletti upp myndinni sem hann hafði áður fundið. Sjáið þið þessa kló hérna í horninu. Gæti þetta ekki verið uglukló? Og sjáið þið bækurnar á myndinni, sem voru á borðinu en eru þar ekki lengur. Þetta eru líka uglubækur.

– Ja, þið segið aldeilis fréttir, strákar mínir. Við getum þá dregið þá ályktun að innbrotsþjófurinn sé sérstaklega áhugasamur um uglur. En hvað eigum við svo að gera í málinu? Hjörleifur krosslagði framfæturna á bringuna og lagaði axlabandið í leiðinni, sem hafði enn eina ferðina dottið fram af öxlinni. Hann pírði augun íbygginn.

– Við skulum allavega ekki hringja á lögregluna alveg strax.

Tveim tímum seinna sneru Skúli og Edda til baka á skólasafnið klyfjuð svefnpokum, dýnum, nestis-pökkum, vasaljósum og öðrum útbúnaði. Hjörleifur hafði boðist til að taka fyrstu vaktina við gluggann. Nú skyldi enginn komast inn á safnið án þess að þau yrðu þess vör. Skúli og Edda skriðu ofan í svefnpokana sína á gólfinu. Hjörleifur gerði þvottapokann sinn klár-an á músarmottunni.

Hjörleifur stóð vaktina samviskusamlega fram eftir nóttu en þegar augnlokin fóru að síga fannst honum heppilegast að hnippa í Skúla sem skipti við hann. Hjörleifur var rétt byrjaður á spennandi draumi, þar sem hann eltist við illvíga glæpamenn, þegar Skúli ýtti við honum.

– Þið verðið að vakna. Ég heyri eitthvert þrusk við gluggann. Ég held að innbrotsþjófurinn sé mættur á svæðið.

Fjögur augu opnuðust samtímis og rannsóknarteymið ásamt nýjasta meðlimnum Eddu, læddist ofurvarlega í átt að glugganum. Þar stóðu þau og héldu niðri í sér andanum þannig að þau gátu nánast heyrt eigin hjartslátt á meðan þruskið við gluggann ágerðist. Edda náði athygli félaga sinna og sýndi þeim hljóðlega hvernig hún teldi best að yfirbuga þjófinn, með hreyfingum sem helst líktust sérkennilegri útgáfu af austurlenskum bardagaíþróttum. Hún benti þeim því næst hvorum í sína áttina, til að þau gætu umkringt glæpamanninn.

Þegar brasið að utan færðist upp í gluggakistuna og skuggi einhverrar veru varpaðist á vegginn stukku þau hinsvegar öll af stað og veltust góða stund um í þvögu á gólfinu. Eftir dágóða stund heyrðist í Hjörleifi.

– Ég held ég hafi náð taki á fæti.

– Ég líka, bætti Edda við. Skúli muldraði eitthvað líka úr miðri þvögunni.

– Ég náði taki á … ja … hmm … væng!!

Þau leystu samstundis úr flækjunni og við þeim blasti úfin og tætt ugla.

Það sló þögn á hópinn. Hjörleifur, Edda og Skúli stóðu bara og störðu undrandi á ugluna. Uglan starði á móti, ákveðin á svip. Hjörleifi fannst jafnvel eitt augnablik að hún hefði sleikt út um. Hann færði sig hægum skrefum bak við Eddu.

– Jæja, góða mín, sagði Edda að lokum. Ég er hrædd um að þú þurfir að útskýra mál þitt. Af hverju hefur þú verið að brjótast inn á safnið okkar?

Uglan settist á gólfið og hvíldi andlitið í vængjunum, leit svo upp niðurlút á svip.

– Ég ætlaði ekki að eyðileggja neitt. Málið er bara svolítið flókið. Ég hef alla tíð heyrt um það að uglur séu svo vitrar og víðlesnar. Mér hefur aldrei þótt ég neitt sérstaklega vitur og ég hef aldrei lesið eina einustu bók. Þetta þótti mér leiðinlegt. Ég ákvað að gera eitthvað í málinu og læddist því inn á skólasafnið á nóttunni til þess að lesa.

Nú rann upp ljós fyrir Hjörleifi. Þess vegna vaknaði ég aldrei við innbrotin. Enginn getur farið eins hljóðlega um eins og uglur.

Uglan hélt áfram.

– Þegar ég áttaði mig á því að þið væruð farin að reyna að leysa gátuna um innbrotin á skólasafninu án árangurs áttaði ég mig á því að kannski væri ég bara nokkuð klók eftir allt saman. Ég fór að skilja eftir vísbendingar til að athuga hvort þið kæmust á sporið. Ég er nú frekar klók finnst mér en þið eruð það greinilega líka.

– Þú ert nú allavega heldur betur búin að valda fjaðrafoki, sagði Edda og brosti út í annað. Ég skil það nú vel að þig skuli langa að lesa bækur en næst skaltu frekar koma á opnunartíma. Hver veit nema þú getir jafnvel haldið til hér um tíma eins og Hjörleifur? Við verðum kannski í aðeins meiri vandræðum með að fela þig en hver veit? Við skulum allavega byrja á því að fá okkur eitthvað í gogginn en á meðan þú ert hér á safninu verður þú að venja þig við aðra fæðu en músarskott.

Skömmu síðar sátu þau öll í leskróknum og voru búin að koma sér vel fyrir. Þau voru komin á kaf í bókaumræður. Hjörleifur horfði brosleitur yfir þennan sérkennilega samsetta vinahóp sinn. Uglur eru vissulega klókar en það er alveg ljóst að allir verða klókari við að lesa bækur.

Meira sýslað á skólasafni er námsefni fyrir skólasöfn ætlað nemendum á aldrinum 8.–10. ára og framhald af efninu *Mýsla sýslar á skólasafni*. Námsefnið skiptist í sögu sem hægt er að prenta út af vef Námsgagnastofnunar *www.nams.is* og verkefnabók. Gert er ráð fyrir að kennari lesi söguna um ævintýri Hjörleifs á skólasafninu og nemendur vinna verkefni sem tengjast sögunni í verkefnabók.

NÁMSGAGNASTOFNUN
40052

ISBN-13: 978-9979-0-1992-3
9 789979 019923